



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 21. ágúst 2018

RMF18040006

3.2.1

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

***Reglur um Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur***

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar þ. 20. ágúst sl. voru lagðar fram til samþykktar reglur um Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur. Reglurnar voru samþykktar og er hér með vísað til borgarráðs til staðfestingar.

f.h. menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs

*Inga María Leifsdóttir*

Inga María Leifsdóttir  
verkefnastjóri  
Skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Reglur um Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur

# Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur

1.

Verðlaunin heita Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur og eru nefnd eftir Guðrúnu Helgadóttur rithöfundi og borgarlistamanni Reykjavíkur 2017. Þau eru veitt fyrir óprentað handrit að barna- eða unglingabók. Engin ákvæði eru um stærð verksins.

2.

Verðlaunaféð er greitt af Reykjavíkurborg. Ein verðlaun eru veitt. Verðlaunin eru veitt þegar Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar eru afhent, í fyrsta skipti við sama tilefni vorið 2019. Verðlaunafjárhæð er samkvæmt ákvörðun menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs hverju sinni í samræmi við fjárhagsáætlun.

3.

Dómnefnd til verðlaunanna er skipuð af menningar-, íþróttá- og tómstundaráði til eins árs í senn. Hana skipa þrjú aðilar, þar af einn samkvæmt tilnefningu menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar, einn samkvæmt tilnefningu Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO og einn samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands. Sami einstaklingur má ekki sitja í dómnefnd lengur en þrjú ár samfellt. Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð skipar formann dómnefndar. Dómnefnd skal skipuð áður en auglýst er eftir nýjum handritum. Laun hennar greiðast af fjárveitingu menningar- og ferðamálasviðs. Tilkynna skal borgarráði um skipan dómnefndar.

4.

Auglýst skal eftir handritum fyrir 1. júní ár hvert og skulu handrit, sem keppa til næstu verðlauna, berast skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs fyrir 10. janúar á úthlutunarári. Sé dómnefnd á einu máli um að ekkert þeirra verka sem borist hafa fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka, má fella verðlaunaafhendingu niður það ár. Handritum sem keppa til verðlaunanna þarf að skila merktum dulnefni, en nafn og símanúmer fylgi með í lokuðu umslagi sem einnig er merkt sama dulnefni og titli bókarinnar. Útgáfuréttur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann ákveður.